

Alþingi
Erindi nr. P 137/248
komudagur 18.6.2009



Skorradalshreppur

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

15.júní 2009

52. mál

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013 á
þskj. 239 — 192. mál. (Lögð fyrir á 136.lp)**

Skorradalshreppur fagnar fram kominni þingsályktunartillögu og lýsir sig fylgjandi henni.

Í forsendum áætlunarinnar kemur fram að hún „er unnin út frá vísindalegum gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og er byggð á faglegu mati á því hvaða þættir í náttúru Íslands teljast verndarþurfi. Áætlunin miðar fyrst og fremst að því að styrkja verndun ákveðinna tegunda plantna og dýra sem taldar eru í útrýmingarhættu og áframhaldandi uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða á landinu.“

Í þessu samhengi vill umhverfisnefnd Skorradalshrepps taka undir það álit NÍ að framvegis verði náttúruverndaráætlun tengd við alþjóðleg net friðlýstra svæða í samhengi þess að Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamningum um náttúruvernd.¹

Það er mikilvægt að sveitarfélög sjái sér hag í framfylgd áætlunar af þessu tagi, t.d. í kynningu á *hverskonar sérleika* á viðkomandi svæði. Því væri gagnlegt að myndir/teikningar fylgdu listum yfir friðlýstar plöntutegundir (háplöntur, mosar og fléttur), þannig að auðveldlega mætti sýna tegundir á válistum í flóru viðkomandi svæðis. Með birtingu slíkra mynda á vef þeirra sveitarfélaga þar sem fundarstaðir eða mikilvæg búsvæði viðkomandi tegunda eru, mætti ná til áhugasamra náttúruskoðenda í hópi ferðamanna. Þá þarf að hvetja sveitarfélög til að taka tillit til válistanna við aðalskipulagsgerð.

F. h. Skorradalshrepps

K. Hulda Guðmundsdóttir

K. Hulda Guðmundsdóttir
form. umhverfisnefndar Skorradalshrepps

¹ Sjá vef NÍ http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/skyrslur_2008/NI-08008.pdf, s 24.